

Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529, Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfirði, hér eftir nefndur leigusali og Sölvi Steinarr slf. Kt. 610610-1020, Blómvöllum 2, 221 Hafnarfirði, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan

## LEIGUSAMNING

um lóðina nr. 27b við Óseyrarbraut í Hafnarfirði, landnúmer 222825 og fastanúmer 235-3574. Leigusali leigir leigutaka lóðina Óseyrarbraut 27b fyrir sýnigarð og þjónusturými. Heildarstærð lóðarinnar er 2.501 m<sup>2</sup>, samanber meðfylgjandi mæliblað, sem er hluti samnings þessa.

1. gr.

Lóðin er leigð frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2027. Leigutaki getur óskað eftir formlegri úthlutun á lóðinni á leigutímanum og hefur jafnframt forleigurétt að lóðinni að leigutíma liðnum. Framleiga leiguréttarins er óheimil.

2. gr.

Mánaðarleiga af lóðinni er kr. 82.000 og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar 1. dag hvers árs, miðað við vísitöluna í desember 2017, 136,1 stig. Leiguna skal greiða til Hafnarfjarðarhafnar samkvæmt útgefnum reikningum á 3ja mánaða fresti. Ekki er greiddur virðisaukaskattur af leigunni. Leigutaki greiðir önnur gjöld af lóðinni frá afhendingu hennar.

3. gr.

Leigusamingurinn heimilar afnotarétt af lóðinni á leigutímanum og að hafa þar þjónustuhús. Leigutaki sér um á sinn kostnað tengingar á heitu- og köldu vatni, frárennsli og rafmagni vegna starfsemi sinnar á lóðinni. Leigutaki skal fara í einu og öllu eftir fyrirmælum skipulags- og byggingarfulltrúa, heilbrigðisfulltrúa og Umhverfisstofnunar um meðhöndlun hvers konar frá- og afrennslis frá lóðinni. Öryggismál innan lóðar eru á ábyrgð leigutaka.

4. gr.

Leigutaki hefur hvorki rétt til að veðsetja lóðina né lóðaréttindi sem henni fylgja.

5. gr.

Leigutaki skal greiða kostnað við þinglýsingu á leigusamningi þessu sem og stimpilgjald.

6. gr.


Til staðfestu á öllu framangreindu undirrita báðir aðilar samning þennan í votta viðvist. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

7. gr.

Með samningi þessum fellur úr gildi fyrri leigusamningur sömu aðila um leigu lóðarinnar Óseyrarbraut 27b frá 11. maí 2016.

Hafnarfirði 11. janúar 2018



Fyrir hönd Hafnarfjarðarhafnar



  
Lúðvík Geirsson  
HAFNARFJARÐARHÖFN  
KT: 590169-5529

Fyrir hönd Sölva Steinarrs slf.

  
Sölvi Steinarr Jónsson

Vottar að undirritun og rétttri dagsetningu:

  
Nafn  
  
Nafn

  
Kt:  
  
Kt: